

Nr. 17-080 S 057 Doddi SH 222***Vélarvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6418
Útgerð: Hliðkvist ehf.
Smíðaður: Hafnarfirði, Trefjaplast, 1982.
Stærð: 3,9 bt. 3,7 bt.
Mesta lengd: 8,08 m Skráð lengd: 7,25 m
Breidd: 2,28 m Dýpt: 1,25 m
Vél: Volvo Penta, 118 kw, 1997
Fjöldi skipverja: 2



Doddi©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 9. október 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. júní 2017 var Doddi SH 222 á siglingu frá Kópavogshöfn. Veður: V 2 m/s.

Tilkynning barst til Neyðarlínunnar um að báturinn væri vélarvana rétt fyrir utan Kópavogshöfn og óskað var eftir aðstoð. Björgunarbáturinn Sædís frá Kópavogi sótti bátinn og dró hann til hafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að bilunin var stífla í olúkerfinu;
- að nýjir eigendur voru nýbúnir að taka við bátnum og voru að fara í fyrstu ferð;
- að báturinn var búinn að liggja í um þrjú ár;
- að mikil óhreinindi voru í olútanknum sem var hreinsaður.

Nefndarálit:

Nefndin bendir á mikilvægi þess að eldsneytistankar séu sérstaklega skoðaðir eftir að skip og bátar hafa legið um lengri tíma.